# SALA ÁFENGIS Í MATVÖRUVERSLUNUM

## ANDSTAÐA VIÐ SÖLU LÉTTVÍNS OG BJÓRS Í MATVÖRUVERSLUNUM EYKST

- Tæplega 35% Íslendinga eru hlynnt því að leyfa sölu léttvíns í matvöruverslunum en meirihluti, eða rösklega 52%, eru því andvíg. Andstaða við sölu léttvíns í matvöruverslunum hefur aukist frá því í árslok 2014 þegar um 39% voru því hlynnt og tæplega 45% andvíg.

- Andstaða við sölu áfengis í matvöruverslunum eykst með hærri aldri, þannig eru næstum 71% þeirra sem eru yngri en 25 ára hlynnt sölunni en tæplega 16% þeirra sem eru 55 ára og eldri. Þá er andstaðan meiri utan höfuðborgarsvæðisins. Athygli vekur að þeir sem eru með börn undir 18 ára aldri á heimilinu eru hlynntari sölu léttvíns í matvöruverslun en þeir sem eru í annars konar heimilisgerð en hluti skýringarinnar er líklega sú að þar eru um yngsta hópinn að ræða. Einungis meirihluti kjósenda Bjartrar framtíðar er hlynntur sölu léttvíns í matvöruverslunum en andstaðan er mest meðal kjósenda Framsóknarflokks, Vinstrihreyfingarinnar Græns framboðs og Samfylkingarinnar.

- Heldur fleiri eru hlynntir sölu bjórs í matvöruverslunum, eða rúmlega 37%, en meirihluti er einnig andvígur hér eða rétt ríflega helmingur. Andstaðan hefur einnig aukist hér, því í árslok 2014 voru rösklega 40% hlynnt sölu bjórs í matvöruverslunum og rösklega 45% andvíg. Það eru sami marktæki munurinn á milli bakgrunnshópa hér og í viðhorfi til léttvíns í matvöruverslunum.

- Mjög lítið hefur breyst í viðhorfi almennings til sölu sterks áfengis í matvöruverslunum en þar er yfirgnæfandi meirihluti andvígur, eða meira en 71% svarenda.

- Þegar niðurstöður eru skoðaðar úr öllum spurningunum þremur kemur í ljós að rúmlega 62% eru ekki hlynntir (þeir sem eru andvígir eða í meðallagi) sölu á neinu áfengi í matvöruverslunum.

- Svarendur, 807 manns, koma úr Þjóðgátt Maskínu, sem er panelhópur fólks sem er dregið með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá. Könnunin fór fram dagana 3.-10. febrúar 2016. Send var áminning þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: www.maskina.is og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá thora@maskina.is.

**Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að selja eftirfarandi áfengi í matvöruverslunum?**




**Hlutfall þeirra sem eru hlynntir sölu áfengis í matvöruverslunum.**




**Afstaða til sölu mismunandi áfengis í verslunum.**



## Sp.1. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyfa sölu léttvíns í matvöruverslunum?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög hlynnt(ur) (5) | 148 | 18,4 |
| Fremur hlynnt(ur) (4) | 132 | 16,4 |
| Í meðallagi (3) | 106 | 13,1 |
| Fremur andvíg(ur) (2) | 128 | 16,0 |
| Mjög andvíg(ur) (1) | 290 | 36,1 |
| Gild svör | 803 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 803 | 99,5 |
| Svöruðu ekki | 4 | 0,5 |
| Heildarfjöldi | 807 | 100,0 |







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 2,65 |
| Staðalfrávik | 1,54 |
| Meðaltal nóv.-des. '14 | 2,89 |




Tæplega 35% Íslendinga eru hlynnt sölu léttvíns í matvöruverslunum en um 52% eru því andvíg. Meðaltal á fimm punkta kvarða, þar sem svarmöguleikinn „Mjög hlynnt(ur)" fær gildið 5, „Mjög andvíg(ur) gildið 1 og aðrir svarmöguleikar gildin þar á milli, er 2,65. Það stendur fyrir að Íslendingar eru nokkurn veginn mitt á milli þess að vera í meðallagi hlynntir/andvígir og fremur andvígir sölu léttvíns í matvöruverslunum. Meðaltalið í desember 2014 var 2,89 og lækkar því aðeins milli mælinga. Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem eru hlynntir sölu léttvíns lækkar um rúm fjögur prósentustig og hlutfall andvígra hækkar um rúm 7 prósentustig.

Á næstu síðum má sjá hvernig afstaða til sölu léttvíns í matvöruverslunum er breytileg eftir bakgrunni og hægra megin á þeim síðum má sjá hvernig afstaða einstakra hópa hefur breyst frá síðustu mælingu. Andstaða eykst mikið með hækkandi aldri (meðaltalið lækkar), íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru hlynntari sölu léttvíns í matvöruverslunum en fólk á landsbyggðinni (fleiri andvígir í öllum landshlutum), kjósendur Framsóknarflokksins eru mest andvígir sölu léttvíns á meðan kjósendur Bjartrar framtíðar eru mest hlynntir henni (kjósendur eina flokksins þar sem fleiri eru hlynntir en andvígir) auk þess sem fólk með börn undir 18 ára á heimilinu er hlynntara sölu léttvíns í matvöruverslunum en þeir sem hafa ekki börn undir 18 ára á heimilinu.

## Sp.1. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyfa sölu léttvíns í matvöruverslunum?

| | Gild svör | Hlynnt(ur) | Í meðallagi | Andvíg(ur) | | Breyting frá síðustu mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | | |
| Allir | 803 | 34,8 | 13,1 | 52,1 | 2,65 | -0,24 |
| Kyn | | | | | | |
| Karl | 400 | 37,8 | 9,8 | 52,5 | 2,70 | -0,36 |
| Kona | 403 | 31,9 | 16,5 | 51,7 | 2,61 | -0,14 |
| Aldur* | | | | | | |
| Yngri en 25 ára | 103 | 70,8 | 10,3 | 18,9 | 3,85 | 0,58 |
| 25-34 ára | 146 | 45,5 | 19,1 | 35,3 | 3,18 | -0,36 |
| 35-44 ára | 137 | 38,7 | 13,0 | 48,3 | 2,76 | -0,15 |
| 45-54 ára | 142 | 30,7 | 13,5 | 55,8 | 2,53 | -0,22 |
| 55 ára og eldri | 275 | 15,7 | 10,9 | 73,4 | 1,92 | -0,49 |
| Búseta* | | | | | | |
| Reykjavík | 313 | 42,3 | 13,0 | 44,7 | 2,90 | 0,06 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 206 | 38,4 | 10,8 | 50,8 | 2,77 | -0,28 |
| Suðurland og Reykjanes | 82 | 28,8 | 18,2 | 52,9 | 2,53 | -0,39 |
| Vesturland og Vestfirðir | 53 | 17,4 | 10,9 | 71,7 | 2,13 | -0,93 |
| Norðurland | 121 | 22,6 | 17,3 | 60,1 | 2,23 | -0,53 |
| Austurland | 27 | 26,6 | 2,9 | 70,5 | 2,19 | -0,45 |
| Fjölskyldutekjur | | | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 170 | 36,1 | 12,8 | 51,1 | 2,69 | -0,17 |
| 400-549 þúsund | 138 | 24,0 | 14,9 | 61,1 | 2,30 | -0,51 |
| 550-799 þúsund | 168 | 32,1 | 19,8 | 48,1 | 2,65 | -0,23 |
| 800 þúsund eða hærri | 222 | 33,0 | 9,6 | 57,4 | 2,54 | -0,41 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

## Sp.1. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyfa sölu léttvíns í matvöruverslunum?

| | Gild svör | Hlynnt(ur) | Í meðallagi | Andvíg(ur) | | Breyting frá síðustu mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | | |
| Allir | 803 | 34,8 | 13,1 | 52,1 | 2,65 | -0,24 |
| **Menntun** | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 131 | 23,2 | 17,3 | 59,4 | 2,35 | -0,41 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 300 | 34,2 | 13,1 | 52,7 | 2,62 | -0,38 |
| Háskólapróf | 322 | 33,7 | 12,1 | 54,2 | 2,59 | -0,23 |
| **Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*** | | | | | | |
| Bjarta framtíð | 20 | 50,4 | 24,5 | 25,1 | 3,21 | 0,28 |
| Framsóknarflokkinn | 59 | 20,6 | 10,0 | 69,4 | 2,08 | -0,36 |
| Pírata | 204 | 42,4 | 12,2 | 45,4 | 2,86 | -0,46 |
| Samfylkinguna | 48 | 22,2 | 20,0 | 57,8 | 2,42 | -0,34 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 119 | 38,4 | 13,8 | 47,8 | 2,83 | -0,37 |
| Vinstrihreyfinguna - grænt framboð | 73 | 27,6 | 9,5 | 62,9 | 2,25 | -0,05 |
| **Heimilisgerð*** | | | | | | |
| Ein(n) á heimili | 103 | 19,7 | 13,2 | 67,1 | 2,15 | |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn undir 18 ára | 309 | 32,4 | 12,0 | 55,6 | 2,52 | |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með barn/börn undir 18 ára | 322 | 36,5 | 14,8 | 48,7 | 2,76 | |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

# BJÓR Í MATVÖRUVERSLUNUM

## Sp. 2. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyfa sölu bjórs í matvöruverslunum?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög hlynnt(ur) (5) | 169 | 21,2 |
| Fremur hlynnt(ur) (4) | 129 | 16,2 |
| Í meðallagi (3) | 96 | 12,0 |
| Fremur andvíg(ur) (2) | 135 | 16,9 |
| Mjög andvíg(ur) (1) | 268 | 33,6 |
| Gild svör | 797 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 797 | 98,8 |
| Svöruðu ekki | 10 | 1,2 |
| Heildarfjöldi | 807 | 100,0 |







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 2,74 |
| Staðalfrávik | 1,57 |
| Meðaltal nóv.-des. '14 | 2,92 |




Á bilinu 37-38% Íslendinga eru hlynnt sölu bjórs í matvöruverslunum en um 50-51% eru því andvíg. Meðaltal á fimm punkta kvarða er 2,74 og stendur það fyrir að Íslendingar eru nálægt því að vera í meðallagi hlynntir/andvígir sölu bjórs í matvöruverslunum. Meðaltalið í desember 2014 var 2,92 og lækkar því aðeins milli mælinga. Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem eru hlynntir sölu léttvíns lækkar um rúm 3 prósentustig og hlutfall andvígra hækkar um rúm 5 prósentustig.

Á næstu síðum má sjá hvernig afstaða til sölu bjórs í matvöruverslunum er breytileg eftir bakgrunni fólks og hægra megin á þeim síðum má sjá hvernig afstaða einstakra hópa hefur breyst frá síðustu mælingu. Andstaða eykst með hækkandi aldri, íbúar á höfuðborgarsvæðinu eru hlynntari sölu bjórs í matvöruverslunum en fólk á landsbyggðinni, kjósendur Framsóknarflokksins eru mest andvígir sölu bjórs á meðan kjósendur Bjartrar framtíðar eru mest hlynntir henni auk þess sem fólk með börn undir 18 ára á heimilinu er hlynntara sölu bjórs í matvöruverslunum en þeir sem hafa ekki börn undir 18 ára á heimilinu.

## Sp. 2. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyfa sölu bjórs í matvöruverslunum?

| | Gild svör | Hlynnt(ur) | Í meðallagi | Andvíg(ur) | | Breyting frá síðustu mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | | |
| Allir | 797 | 37,4 | 12,0 | 50,6 | 2,74 | -0,18 |
| Kyn | | | | | | |
| Karl | 396 | 41,9 | 7,2 | 50,9 | 2,83 | -0,24 |
| Kona | 401 | 33,0 | 16,8 | 50,2 | 2,66 | -0,11 |
| Aldur* | | | | | | |
| Yngri en 25 ára | 103 | 70,8 | 15,4 | 13,7 | 4,00 | 0,82 |
| 25-34 ára | 146 | 49,3 | 16,6 | 34,1 | 3,26 | -0,33 |
| 35-44 ára | 136 | 39,6 | 11,4 | 49,0 | 2,80 | -0,10 |
| 45-54 ára | 142 | 34,3 | 12,5 | 53,2 | 2,67 | -0,15 |
| 55 ára og eldri | 270 | 18,7 | 8,3 | 72,9 | 2,00 | -0,47 |
| Búseta* | | | | | | |
| Reykjavík | 310 | 45,6 | 10,4 | 44,1 | 2,99 | 0,10 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 204 | 40,5 | 8,9 | 50,6 | 2,84 | -0,25 |
| Suðurland og Reykjanes | 82 | 30,2 | 17,8 | 52,0 | 2,56 | -0,40 |
| Vesturland og Vestfirðir | 54 | 21,2 | 22,0 | 56,8 | 2,42 | -0,55 |
| Norðurland | 120 | 23,2 | 15,2 | 61,5 | 2,22 | -0,47 |
| Austurland | 27 | 38,0 | 2,9 | 59,1 | 2,74 | 0,01 |
| Fjölskyldutekjur | | | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 168 | 38,8 | 11,6 | 49,7 | 2,78 | -0,07 |
| 400-549 þúsund | 137 | 26,7 | 18,7 | 54,6 | 2,45 | -0,43 |
| 550-799 þúsund | 166 | 36,1 | 15,1 | 48,8 | 2,72 | -0,20 |
| 800 þúsund eða hærri | 221 | 36,3 | 7,5 | 56,2 | 2,64 | -0,36 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

# BJÓR Í MATVÖRUVERSLUNUM

## Sp. 2. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyfa sölu bjórs í matvöruverslunum?

| | Gild svör | Hlynnt(ur) | Í meðallagi | Andvíg(ur) | | Breyting frá síðustu mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | | |
| **Allir** | 797 | 37,4 | 12,0 | 50,6 | 2,74 | -0,18 |
| **Menntun** | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 129 | 27,2 | 16,4 | 56,3 | 2,50 | -0,32 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 298 | 37,9 | 12,8 | 49,3 | 2,74 | -0,25 |
| Háskólapróf | 320 | 35,2 | 9,9 | 54,9 | 2,63 | -0,25 |
| **Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*** | | | | | | |
| Bjarta framtíð | 20 | 61,5 | 9,9 | 28,6 | 3,25 | 0,24 |
| Framsóknarflokkinn | 59 | 22,3 | 8,1 | 69,7 | 2,11 | -0,41 |
| Pírata | 204 | 47,6 | 8,6 | 43,8 | 3,01 | -0,32 |
| Samfylkinguna | 47 | 23,5 | 19,0 | 57,5 | 2,44 | -0,38 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 117 | 41,7 | 11,0 | 47,3 | 2,91 | -0,39 |
| Vinstrihreyfinguna - grænt framboð | 72 | 27,2 | 17,3 | 55,6 | 2,37 | 0,06 |
| **Heimilisgerð*** | | | | | | |
| Ein(n) á heimili | 103 | 22,7 | 9,4 | 67,9 | 2,19 | |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn undir 18 ára | 307 | 34,0 | 10,8 | 55,2 | 2,58 | |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með barn/börn undir 18 ára | 321 | 40,2 | 14,4 | 45,3 | 2,89 | |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

## Sp. 3. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyft sé að selja sterkt vín í matvöruverslunum?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög hlynnt(ur) (5) | 69 | 8,7 |
| Fremur hlynnt(ur) (4) | 56 | 6,9 |
| Í meðallagi (3) | 105 | 13,1 |
| Fremur andvíg(ur) (2) | 124 | 15,4 |
| Mjög andvíg(ur) (1) | 448 | 55,9 |
| Gild svör | 802 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 802 | 99,4 |
| Svöruðu ekki | 5 | 0,6 |
| Heildarfjöldi | 807 | 100,0 |




| | |
|---|---|
| Meðaltal | 1,97 |
| Staðalfrávik | 1,32 |
| Meðaltal nóv.-des. '14 | 2,00 |




Á bilinu 15-16% Íslendinga eru hlynnt sölu sterks víns í matvöruverslunum en ríflega 71% er því andvígt. Meðaltal á fimm punkta kvarða er 1,97 og stendur það fyrir að Íslendingar eru að jafnaði fremur andvígir því að selja sterkt vín í matvöruverslunum. Meðaltalið í desember 2014 var nánast það sama, eða 2,00. Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem eru hlynntir sölu á sterku víni í matvöruverslunum er það sama og árið 2014 og nánast sama gildir um hlutfall andvígra.

Karlar eru hlynntari sölu á sterku víni í matvöruverslunum en konur, andstaða eykst mikið með hækkandi aldri, höfuðborgarbúar eru hlynntari sölu bjórs í matvöruverslunum en fólk á landsbyggðinni, tekjulægsti hópurinn er minnst andvígur málefninu, kjósendur Framsóknarflokksins eru mest andvígir sölu á sterku víni í matvöruverslunum á meðan kjósendur Bjartrar framtíðar og Pírata eru minnst andvígir henni.

## Sp. 3. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyft sé að selja sterkt vín í matvöruverslunum?

| | Gild svör | Hlynnt(ur) | Í meðallagi | Andvíg(ur) | | Breyting frá síðustu mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | | |
| **Allir** | **802** | **15,6** | **13,1** | **71,3** | 1,97 | -0,03 |
| **Kyn*** | | | | | | |
| Karl | 400 | 22,2 | 11,2 | 66,6 | 2,14 | -0,04 |
| Kona | 402 | 9,0 | 15,0 | 76,0 | 1,80 | -0,03 |
| **Aldur*** | | | | | | |
| Yngri en 25 ára | 103 | 33,7 | 33,7 | 32,6 | 3,01 | 0,53 |
| 25-34 ára | 146 | 21,0 | 16,8 | 62,1 | 2,35 | -0,07 |
| 35-44 ára | 137 | 17,7 | 10,6 | 71,7 | 1,99 | -0,03 |
| 45-54 ára | 142 | 10,2 | 13,7 | 76,2 | 1,78 | -0,05 |
| 55 ára og eldri | 274 | 7,7 | 4,4 | 88,0 | 1,47 | -0,16 |
| **Búseta*** | | | | | | |
| Reykjavík | 312 | 21,3 | 13,4 | 65,3 | 2,17 | 0,19 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 206 | 16,7 | 11,6 | 71,8 | 1,99 | 0,01 |
| Suðurland og Reykjanes | 82 | 12,0 | 16,6 | 71,4 | 1,93 | 0,01 |
| Vesturland og Vestfirðir | 54 | 5,3 | 10,6 | 84,0 | 1,53 | -0,82 |
| Norðurland | 121 | 8,6 | 14,2 | 77,2 | 1,74 | -0,23 |
| Austurland | 27 | 4,5 | 10,7 | 84,7 | 1,51 | -0,55 |
| **Fjölskyldutekjur*** | | | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 170 | 18,7 | 14,9 | 66,4 | 2,13 | -0,02 |
| 400-549 þúsund | 139 | 5,9 | 14,5 | 79,6 | 1,67 | -0,10 |
| 550-799 þúsund | 167 | 11,4 | 13,9 | 74,7 | 1,88 | -0,17 |
| 800 þúsund eða hærri | 222 | 15,2 | 8,2 | 76,6 | 1,85 | -0,13 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p< 0,05).

# STERKT ÁFENGI Í MATVÖRUVERSLUNUM

## Sp. 3. Almennt séð hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ert þú því að leyft sé að selja sterkt vín í matvöruverslunum?

| | Gild svör | Hlynnt(ur) | Í meðallagi | Andvíg(ur) | | Breyting frá síðustu mælingu |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | | |
| **Allir** | **802** | **15,6** | **13,1** | **71,3** | 1,97 | -0,03 |
| **Menntun** | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 132 | 14,6 | 14,0 | 71,4 | 1,91 | 0,00 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 300 | 13,6 | 16,2 | 70,2 | 1,95 | -0,10 |
| Háskólapróf | 320 | 12,9 | 8,0 | 79,1 | 1,82 | -0,15 |
| **Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*** | | | | | | |
| Bjarta framtíð | 20 | 4,3 | 43,3 | 52,3 | 2,31 | 0,34 |
| Framsóknarflokkinn | 60 | 4,9 | 11,9 | 83,2 | 1,46 | -0,18 |
| Pírata | 203 | 19,3 | 16,1 | 64,6 | 2,19 | -0,13 |
| Samfylkinguna | 47 | 6,7 | 11,3 | 82,0 | 1,65 | -0,12 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 119 | 20,2 | 8,8 | 71,0 | 2,11 | -0,20 |
| Vinstrihreyfinguna - grænt framboð | 73 | 12,3 | 4,2 | 83,6 | 1,62 | -0,06 |
| **Heimilisgerð** | | | | | | |
| Ein(n) á heimili | 105 | 11,5 | 8,3 | 80,2 | 1,74 | |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn undir 18 ára | 308 | 13,1 | 13,1 | 73,7 | 1,88 | |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með barn/börn undir 18 ára | 322 | 15,1 | 12,9 | 72,0 | 1,97 | |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

## Sp. 4. Afstaða til sölu mismunandi áfengis í verslunum

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Ekki hlynnt(ur) sölu á neinu áfengi í matvöruverslunum | 502 | 62,4 |
| Hlynnt(ur) sölu bjórs og léttvíns í matvöruverslunum en ekki á sterku víni | 151 | 18,8 |
| Hlynnt(ur) sölu á öllu áfengi í matvöruverslunum | 124 | 15,5 |
| Eingöngu hlynnt(ur) sölu bjórs í matvöruverslunum | 23 | 2,8 |
| Eingöngu hlynnt(ur) sölu léttvíns í matvöruverslunum | 3 | 0,4 |
| Hlynnt(ur) sölu léttvíns og sterks víns í matvöruverslunum en ekki á bjór | 1 | 0,1 |
| Gild svör | 804 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 804 | 99,7 |
| Svöruðu ekki | 3 | 0,3 |
| Heildarfjöldi | 807 | 100,0 |







Hér eru samantekin gögn úr spurningum 1-3. Þess skal getið að hér er sérstaklega verið að skoða svör þeirra sem eru hlynntir (mjög hlynntir eða fremur hlynntir) sölu mismunandi áfengis í verslunum. Í flokknum „Ekki hlynnt(ur) sölu á neinu áfengi í matvöruverslunum" eru því bæði þeir sem merktu við að þeir væru andvígir sölu á öllum tegundum áfengis í matvöruverslunum og þeir sem merktu við „í meðallagi hlynnt(ur) eða andvíg(ur)".

Stærstur hluti svarenda er ekki hlynntur (merkti við „í meðallagi", „frekar andvíg(ur)" eða „mjög andvíg(ur)") sölu á bjór, léttvíni né sterku víni í matvöruverslunum, eða á bilinu 62-63%, en á bilinu 37-38% eru hlynnt sölu á einhverju áfengi í matvöruverslunum. Meðal þeirra sem eru hlynntir sölu á einhverju áfengi er algengast að sala á bjór og léttvíni sé nefnt (tæp 19% af heildinni) en þar á eftir sala á öllu áfengi (á bilinu 15-16% af heildinni). Þeim sem ekki eru hlynntir sölu áfengis í verslunum fjölgar um rúm 4 prósentustig frá árinu 2014.

Á næstu síðu má meðal annars sjá að karlar eru hlynntari sölu á áfengi en konur, andstaða gegn sölu áfengis eykst með aldri og að kjósendur Framsóknarflokksins og Samfylkingar eru síst hlynntir sölu á áfengi í matvöruverslunum á meðan meira en helmingur kjósenda Bjartrar framtíðar, og um helmingur kjósenda Pírata, er hlynntur sölu á einhverju áfengi í matvöruverslunum.

Taka ber skýrt fram að þeir sem eru ekki hlynntir sölu áfengis í matvöruverslunum (62,4%) eru allir þeir sem hvergi merktu við fremur eða mjög hlynnt(ur) sölu og í þeim hópi eru einnig þeir sem settu svar sitt í miðjuna (í meðallagi). Hin 37,6 prósentin eru ekki með miðjuna. Þannig að vara ber við að túlka niðurstöðuna þannig að um 42% séu hlynnt en um 58% séu andvíg, þar sem í seinni hópnum eru einnig þeir sem eru í meðallagi. Þann mun á hlynntum og andvígum ber að finna í spurningum 1-3.

## Sp. 4. Afstaða til sölu mismunandi áfengis í verslunum

| | Gild svör | Ekki hlynnt(ur) sölu á neinu áfengi í matvöruverslunum | Hlynnt(ur) sölu bjórs og léttvíns í matvöruverslunum | Hlynnt(ur) sölu á öllu áfengi í matvöruverslunum | Annað |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % |
| Allir | 804 | 62,4 | 18,8 | 15,5 | 3,3 |
| Kyn* | | | | | |
| Karl | 401 | 58,4 | 15,5 | **22,0** | 4,2 |
| Kona | 403 | 66,5 | 22,1 | **9,0** | 2,5 |
| Aldur* | | | | | |
| Yngri en 25 ára | 103 | **29,2** | **37,2** | **33,7** | 0,0 |
| 25-34 ára | 146 | 50,0 | 23,8 | 21,0 | 5,2 |
| 35-44 ára | 137 | 59,5 | 20,5 | 17,1 | 3,0 |
| 45-54 ára | 143 | 65,5 | 19,9 | 10,1 | 4,4 |
| 55 ára og eldri | 276 | **81,4** | **7,8** | **7,6** | 3,2 |
| Búseta* | | | | | |
| Reykjavík | 314 | **54,5** | 20,5 | **21,2** | 3,8 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 206 | 59,3 | 21,5 | 16,2 | 3,1 |
| Suðurland og Reykjanes | 82 | 69,8 | 16,8 | 12,0 | **1,4** |
| Vesturland og Vestfirðir | 54 | **78,8** | **11,7** | 5,3 | 4,2 |
| Norðurland | 121 | 76,4 | 13,4 | 8,6 | 1,6 |
| Austurland | 27 | 62,0 | **22,1** | **4,5** | **11,4** |
| Fjölskyldutekjur | | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 170 | 61,5 | 17,4 | 18,7 | 2,4 |
| 400-549 þúsund | 139 | 73,1 | 17,4 | 5,9 | 3,6 |
| 550-799 þúsund | 168 | 63,4 | 19,8 | 11,3 | 5,5 |
| 800 þúsund eða hærri | 222 | 64,0 | 17,8 | 15,1 | 3,1 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).

## Sp. 4. Afstaða til sölu mismunandi áfengis í verslunum

| | Gild svör | Ekki hlynnt(ur) sölu á neinu áfengi í matvöruverslunum | Hlynnt(ur) sölu bjórs og léttvíns í matvöruverslunum | Hlynnt(ur) sölu á öllu áfengi í matvöruverslunum | Annað |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % |
| Allir | 804 | 62,4 | 18,8 | 15,5 | 3,3 |
| **Menntun** | | | | | |
| Grunnskólapróf | 132 | 73,3 | 8,4 | 14,6 | 3,7 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 300 | 62,3 | 20,5 | 13,6 | 3,6 |
| Háskólapróf | 322 | 64,1 | 19,9 | 12,8 | 3,2 |
| **Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*** | | | | | |
| Bjarta framtíð | 20 | **38,5** | **46,0** | **4,3** | **11,2** |
| Framsóknarflokkinn | 60 | **78,0** | 15,3 | 4,9 | 1,8 |
| Pírata | 204 | 52,4 | 23,1 | 19,2 | 5,3 |
| Samfylkinguna | 48 | 75,7 | **14,3** | 6,6 | 3,5 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 119 | 59,0 | 18,1 | **20,2** | 2,7 |
| Vinstrihreyfinguna - grænt framboð | 73 | 72,4 | 14,4 | 12,3 | **1,0** |
| **Heimilisgerð*** | | | | | |
| Ein(n) á heimili | 105 | **77,8** | **7,9** | 11,5 | 2,8 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn undir 18 ára | 309 | 65,7 | 18,7 | 13,1 | 2,6 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með barn/börn undir 18 ára | 322 | **59,5** | **21,0** | 15,1 | 4,4 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi (p<0,05).